

Fundur í atvinnu, menningar og ferðamálanefnd Langanesbyggðar haldinn á skrifstofu Langanesbyggðar föstudaginn 22. mars kl 12.

Mættir: Karen Rut Konnráðsdóttir formaður, Gréta Bergrún Jóhannesdóttir, Stefán Benjamínsson, Þórir Jónsson, Eyþór Atli Jónsson og Sigríður Jóhannesdóttir sem ritaði fundargerð.

1. Þjónustusamningur milli Langanesbyggjar og Markaðsstofu ferðamála á Norðurlandi. Fundarmenn ræddu um saminginn við markaðsstofuna og hvað hann er að gera fyrir svæðið. Þarf að hvetja hagsmunaaðilar sem geta nýtt sér markaðsstofuna að gera það. Nokkuð um að misbrestur á því að upplýsingar séu uppfærðar og það er líka hagsmunaaðilana að sjá til þess að það sé gert. Nefndin ákvað mælast til þess við sveitarstjórn Langanesbyggðar að endurnýja þjónustusamninginn. Samhliða því er Markaðsstofa hvött til að tryggja að efni úr Langanesbyggð verði sýnilegra og að aukið verði við efni frá svæðinu á heimsíðunni. Þá óskar nefndin eftir því að fulltrúi markaðsstofu komi í Langanesbyggð, hittu hagsmunaaðila á svæðinu og fulltrúa sveitarfélagsins og að haldinn með þeim vinnufund.
2. Framkvæmdarstjóður ferðamanna. Rætt um þá styrki sem sótt hefur verið um í framkvæmdarsjóðinn. Fundarmenn hvattir til að horfa eftir nýjum tækifærum. Nefndin telur að hugmyndin um útsýnispall við stórakall getir reynst mikið aðdráttarafl fyrir ferðamenn á svæðið og hvetur því alla hlutaeigandi aðila til að leggja sitt af mörkum til að greiða fyrir þeirri framkvæmd.

Fundargerð upplesin og samþykkt

Fundi slitið 13:00